

7

4. gr.

22. marz

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 55 25. maí 1950.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

8

L Ö G

22. marz

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir 46. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
Lónkotsmöl.
- b. Á eftir 47. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
Reykhólar í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.